



Borgarráð

Vatnsmýrarvegur 10 - Samgöngumiðstöð - Tímabundnar endurbætur á umhverfi

Óskað er heimildar borgarráðs til að skipa starfshóp sem geri tillögur um umbætur til skemmri tíma á nánasta umhverfi Vatnsmýrarvegur 10.

Greinargerð: Reykjavíkurborg hefur að undanfögnu unnið að undirbúningi að nýrri samgöngumiðstöð við Vatnsmýrarveg 10 á svokölluðum U-reit. Unnið er að heildstæðri framtíðarsýn fyrir allt svæðið með tengingum við næstu hverfi og helstu samgöngumáta.

Á meðan þessi vinna hefur staðið yfir hefur fjöldi erlendra ferðamanna til borgarinnar margfaldast með margvíslegum áskorunum fyrir borgaryfirvöld. Endurbætur á reitnum hafa þess vegna verið í bið, sem hefur leitt til þess að núverandi ástand samræmist ekki hugmyndum borgarinnar um góða hönnun og borgarumhverfi.

Starfshópnum er ætlað gera tillögur til þess að bæta umhverfi umferðarmiðstöðvarinnar til skemmri tíma, á meðan unnið er að deiliskipulagi og hönnun á samgöngumiðstöð og skipulagi reitsins í heild og væntanlegar framkvæmdir undirbúnar.

Hópurinn skal skipa fulltrúum skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, skipulagsfulltrúa og samgöngustjóra.

Meðal annars skal hópurinn skoða tilhögun bílastæða og mögulega gjaldskyldu á reitnum, lóðarfrágang, göngustíga og opin svæði. Fasteignin Vatnsmýrarvegur 10 er í eigu Reykjavíkurborgar en samkvæmt leigusamningi ber leigutaki ábyrgð á húsinu að öllu leiti. Hafa skal samráð við leigutaka um mögulegar endurbætur á húsinu.

Einnig verði aftur kannaður áhugi Strætó b.s. á að hefja innleiðingu svæðisins sem tímajöfnunarsvæði fyrir nokkrar leiðir með því að færa tímajöfnun ákveðinna leiða frá Hlemmi til Vatnsmýrar.

Tillögur um aðgerðir skulu liggja fyrir í október nk. svo að unnt verði að gera ráð fyrir kostnaði við gerð fjárfestingaáætlunar ársins 2018.

Hrólfur Jónsson